

Torfi Halldórsson og Unnur Þorgrímsdóttir  
Broddadalsá  
510 Hólmavík

6. október 2005

FEL05080029

Hinn 6. október 2005 var í félagsmálaráðuneyti kveðinn upp svofelldur

### ú r s k u r ð u r

Með erindi, dagsettu 21. ágúst 2005, kærðu Torfi Halldórsson og Unnur Þorgrímsdóttir, hér eftir nefnd kærendur, þá ákvörðun hreppsnefndar Broddaneshrepps, hér eftir nefnd kærði, sem tekin var á fundi 18. ágúst 2005, um að semja við Hólmavíkurhrepp um skólaakstur frá Broddadalsá til Hólmavíkur.

Krafa kæranda er að hin kærða ákvörðun verði lýst ólögmat.

Með bréfi, dags. 23. ágúst 2005, óskaði ráðuneytið eftir umsögn Broddaneshrepps um málið. Umsögnin barst með bréfi, dags. 27. ágúst 2005, og var send kærendum með bréfi, dags. 31. ágúst 2005. Athugasemdir kæranda bárust ráðuneytinu með bréfi, dags. 4. september 2005.

#### **I. Málavextir.**

Málavextir koma fram í fundargerðum Broddaneshrepps og öðrum gögnum málsins.

Á fundi hreppsnefndar Broddaneshrepps, þann 31. ágúst 2004, var samþykkt með öllum atkvæðum að ráða Torfa Halldórsson skólabílstjóra í þrjár ferðir á dag milli Broddadalsá og Hólmavíkur á 91 kr./km.

Sumarið 2005 leitaði oddviti hreppsnefndar Broddaneshrepps til sveitarstjóra Hólmavíkurhrepps og fór þess á leit við sveitarstjórnann hvort Hólmavíkurhreppur gæti tekið við skólaakstri fyrir sveitarfélagið. Þann 10. ágúst 2005 gerði sveitarstjórinn tilboð í aksturinn sem var tekið. Skólaaksturinn var tekinn fyrir á fundi hreppsnefndar Broddaneshrepps 18. ágúst 2005. Þar var gerð svofelld bókun: „*Skólaakstur Broddadalsá – Hólmavík. Komið er tilboð frá sveitarstjóra Hólmavíkurhrepps um að sjá um akstur fyrir börnin á Broddadalsá sem sækja skóla til Hólmavíkur. Tilboðið er upp á kr. 58.00 pr. km. Hreppsnefndin samþykkti að taka tilboðinu og jafnframt að sjá um greiðslu á gæslu fyrir H. þegar þörf er á og fæðið fyrir hann í skólaselinu. Ákveðið var að bjóða Torfa Halldórssyni að ganga inn í tilboðið á akstrinum ef hann vildi.*“ Undir bókunina ritaði fullskipuð hreppsnefnd, fimm manns, fjórir aðalmenn og einn varamaður sem sat fundinn í stað Unnar Þorgrímsdóttur sem vék af fundi.

#### **II. Sjónarmið kæranda.**

Sjónarmið kæranda koma fram í kæru, dags. 21. ágúst 2005, og í athugasemdum við umsögn hreppsins, dags. 4. september 2005.

Kærendur benda á að ekki liggi fyrir samþykkt í fundargerðabók Broddaneshrepps um þá tilhögun sem fram kom á fundi nefndarinnar 18. ágúst 2005 og að ekkert samband hafi verið haft við foreldra um breytingar sem í vændum væru á fyrirkomulagi skólaakstursins. Benda kærendur á að á fundi hreppsins 31. ágúst 2004 hafi Torfi Halldórsson verið ráðinn skólabílstjóri á leiðinni Broddadalsá-Hólmavík, þrjár ferðir á dag, á 91 kr./km, og hafi honum ekki verið sagt upp.

Þá benda kærendur á að við samþykkt tilboðs sveitarstjóra Hólmavíkurhrepps um skólaaksturinn á fundi hreppsnefndar Broddaneshrepps þann 18. ágúst 2005 hafi hreppsnefndarfulltrúinn Gunnhildur Halldórsdóttir, systir Torfa Halldórsson, greitt atkvæði á fundinum. Þá hafi Jón Stefánsson, en hann og Torfi Halldórsson eru systkinasynir, sem einnig eigi sæti í hreppsnefnd, setið fundinn og greitt atkvæði. Kærendur telji að bæði Gunnhildur og Jón hafi verið vanhæf til að taka þátt í afgreiðslu málsins.

Í athugasemdum kærenda, dags. 4. september 2005, við umsögn kærða kemur fram að ástæða þess að ekki sé hægt að samnýta bíla til skólaaksturs sé sú að þau sætti sig ekki við að vekja börnin kl. 6.15 á morgnana ef þau fari beina leið milli Broddadalsá og Hólmavíkur án viðkomu á öðrum bæjum. Þá skipti máli að snjómokstur hefjist ekki á Hólmavík fyrr en kl. 7.00, en skólabíll Hólmavíkurhrepps sé vanbúinn að fara þess leið ef eitthvað er að færð. Kærendur leggja áherslu á að þær kostnaðartölur sem Hólmavíkurhreppur taki fyrir aksturinn miðist við „*eins lélega þjónustu og hægt er*“, sem sé sú að skólabíllinn sækir börnin á morgnana og komi með þau heim seinni part dags. Það sé ekki ásættanlegt að börnin þurfi að vakna kl. 6.15 og komist ekki heim fyrr en kl. 17.00 á daginn. Kærði taki ekki mið af því hvað sé best fyrir börnin. Sú hugsun að þau, þ.e. kærendur, séu eingöngu að hugsa um tekjur sínar af akstrinum en ekki velferð barnanna sæmi ekki oddvita og hreppsnefnd. Meðan fyrirkomulag skólaaksturs hafi verið þrjár ferðir á dag, 91 kr./km, hafi aldrei komið fram óánægja með það í hreppsnefnd. Hefði verið ætlunin að breyta þessu hefði verið vænlegra að halda fund um málið í sumar og finna lausn sem allir geti verið sáttir við.

Þá benda kærendur á að varðandi vistun og gæslu fyrir börn í Hólmavíkurskóla þá geti hreppsnefnd Broddaneshrepps ekki ráðstafað börnum í slíka gæslu án samráðs við foreldrana.

Þá vísa kærendur því á bug sem rangri staðhæfingu að yngsta barn kærenda hafi oft farið með bílnum að sækja eldri systkini sín, en þarna fari oddvitinn vísvitandi með ósannindi.

Hvað varðar ráðningu Torfa Halldórssonar sem skólabílstjóra þá hafi hann verið ráðinn 31. ágúst 2004 og ekki tilgreint að ráðningin gildi eingöngu veturinn 2004–2005. Ráðningin sé því í fullu gildi.

Loks taka kærendur fram að sameiningaviðræður sem nú standi yfir geti ekki snert þetta mál enda um tvö óskyld mál að ræða. Þá geti oddviti hreppsins ekki borið við fjárskorti sveitarfélagsins og skorið niður þjónustu í einum málaflokki, þ.e. skólaakstri, en fjárhagsstaða Broddaneshrepps sé góð og hafi hreppurinn efni á því að veita íbúunum viðeigandi þjónustu.

### III. Málsrök kærða.

Málsrök kærða koma fram í umsögn Broddaneshrepps um kærana, dags. 27. ágúst 2005.

Kærði tekur fram að þar sem aðeins tveir nemendur úr Broddaneshreppi hafi átt að fara í 1.–8. bekk grunnskóla haustið 2004 hafi verið samið við Hólmavíkurrepp um að þeir nemendur færu í grunnskólann á Hólmavík, auk systur þeirra sem fór í 9. bekk skólans. Þrátt fyrir vilja hreppsnefndar hafi ekki tekist að samnýta bíla til skólaaksturs veturinn 2004–2005 og hafi bíllinn sem flutti nemendurnar úr Broddaneshreppi orðið að aka hluta leiðarinnar 5–10 mínútum á eftir skólabíl sem flutti nemendur úr Hólmavíkurreppi í sama skóla. Þá tekur kærði fram að veruleg óánægja hafi verið vegna mikils kostnaðar við skólaaksturinn síðastliðinn vetur og því hafi aksturinn verið endurskipulagður til að draga úr kostnaði. Hreppsnefndin telji að sér beri að fara vel með þá fjármuni sem ráðstafað sé til reksturs sveitarfélagsins, þar á meðal til skólaaksturs. Þegar ljóst hafi verið hversu miklu munaði á raunverulegum kostnaði Broddaneshrepps á akstri skólabarna á eigin bíl eða þegar börnum var ekið „í verktöku“ hafi oddvitinn leitað eftir því hvort Hólmavíkurreppur vildi taka að sér að flytja einnig börn úr Broddaneshreppi með sínum börnum sömu leið í sama skólann. Hafi hreppsnefnd Hólmavíkurrepps samþykkt að taka að sér flutning barnanna fyrir 58 kr./km, en fyrir aksturinn síðastliðinn vetur hafi Broddaneshreppur orðið að greiða 91 kr./km.

Þá bendir kærði á að nú séu í gangi viðræður um sameiningu sveitarfélaga í Strandasýslu og að ætla megi að Broddaneshreppur og Hólmavíkurreppur verði eitt sveitarfélag eftir sveitarstjórnarkosningar vorið 2006. Hreppsnefnd Broddaneshrepps hafi því talið að sjálfsagt væri að vinna sameiginlega að flutningi skólabarnanna næsta vetur og þar af leiðandi hafi það verið samþykkt einróma á fundi hreppsnefndar 18. ágúst 2005 að taka boði Hólmavíkurrepps um skólaaksturinn enda væri annað soun á fjármagni.

Kærði tekur fram að eftir að starfrækslu Broddanesskóla hafi lokið vorið 2004 hafi skólanefnd Broddanesskóla ekki neitt um málið að segja, enda hefði skólanefndin öll verið vanhæf að mati kæranda, utan einn maður. Eins og fram hafi komið á síðasta hausti töldu foreldrarir nauðsynlegt að börn þeirra væru flutt í skólann á öðrum bíl en börnin í Hólmavíkurreppi og hafi hreppsnefndin orðið við því. Vitað sé að kærendur séu á móti því að breyta akstrinum nú enda verulegir fjármunir í húfi fyrir þau að missa af þeim tekjum sem skólaaksturinn hafi veitt þeim síðastliðinn vetur. Nú liggi fyrir að kostnaður af akstrinum verði um 1.432.600 kr. ef Hólmavíkurreppur annast aksturinn en 3.077.620 kr. að óbreyttu fyrirkomulagi þar sem kærendur sjái um aksturinn.

Þá bendir kærði á að þegar Torfi Halldórsson hafi verið ráðinn til skólaakstursins haustið 2004 hafi sú ráðning tekið til vetrarins 2004–2005 og telji hreppsnefndin að ráðningu Torfa hafi lokið í júní 2005. Á hinn bóginn hafi þau mistök verið gerð við bókun samþykktarinnar í fundargerðabók á sínum tíma að ekki var tekið sérstaklega fram að átt hefði verið við veturinn

2004–2005. Bókun næsta fundar þar á undan, þ.e. 20. júní 2004, taki þó af allan vafa um þetta, og er vísað til fundargerðar því til sannindamerkis.

Kærði tekur fram að í Hól mavíkurskóla sé rekin vistun og gæsla yngri barna. Því telji kærði ekki ástæðu til að aka nema tvær ferðir á dag, þ.e. að morgni og eftir að kennslu lýkur á daginn. Þá segir svo í umsögn kærða að vitað sé að yngsta barnið, sem sótt hafi verið um hádegið síðastliðinn vetur, hafi oft farið með bílnum þegar systkini þess voru sótt skömmu eftir að barnið kom heim, en hvíldust ekki heima eins og karendur, foreldrar þess, telja að nauðsynlegt sé.

Hvað varði vanhæfi bendir kærði á að þó svo að Gunnhildur og Jón yrðu talin vanhæf, þá hafi það verið þrír hreppsnefndarmenn sem voru samþykkir þeirri tillögu sem til afgreiðslu var um skólaaksturinn. Rekur kærði ástæður þess að ómögulegt hafi verið að kalla til fleiri varamenn, en þann sem sat fundinn, þar sem einn þeirra, Torfi Halldórsson, væri augljóslega vanhæfur, einn hafi ekki viljað starfa sem varamaður þetta kjörtímabil, einn varamaður starfi í Kópavogi og búi syðra, þótt hann eigi lögheimili í hreppnum, og einn sem kosinn var varamaður sé fluttur úr hreppnum.

#### **IV. Niðurstaða ráðuneytisins.**

##### **A. Reglur laga um grunnskóla, um skólanefnd og samráð við foreldra/foreldraráð.**

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995, skal skólanefnd vera í hverju skólahverfi. Skal skólanefnd sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu og fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í skólahverfinu. Fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra eiga rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt, sbr. 4. mgr. 13. gr. grunnskólalaga. Skólanefnd starfar ekki lengur í Broddaneshreppi eftir að grunnskólalag haldi var hætt í sveitarfélaginu.

Í grunnskólalögum er mikið lagt upp úr samráði við foreldra. Þannig er starfsmönnum skóla skylt að efla samstarf skóla og heimila, meðal annars með því að miðla fræðslu um skólamál til foreldra og veita upplýsingar um starfið í skólanum, sbr. 15. gr. grunnskólalaga. Jafnframt skal starfa foreldraráð við hvern grunnskóla, sbr. 16. gr. laganna.

##### **B. Réttarreglur um skólaakstur.**

Um skólaakstur er fjallað í grunnskólalögum, nr. 66/1995. Í 1. mgr. 4. gr. laganna er kveðið á um að í strjálbýli skuli miðað við heimanakstur nemenda þar sem því verði við komið en ekki heimavist. Í athugasemdum við greinina í frumvarpi til grunnskólalaga kemur einungis fram að sveitarfélög kosti og beri ábyrgð á skipulagi skólaaksturs og að mikilvægt sé að nemendum sé ekki ofgert með löngum akstursleiðum eða löngum tíma í skólabíl.

Engin reglugerð er nú í gildi um skólaakstur, en svo virðist sem sveitarstjórnnum hafi um langt skeið verið talið heimilt að ákveða hvaða fyrirkomulag skólaaksturs hentaði best í hverju sveitarfélagi. Þar sem lög, þar með talin gildandi grunnskólalög, nr. 66/1995, kveða ekki á um annað verður ekki séð að hægt sé að skylda sveitarfélög til að haga skólaakstri sínum með tilteknum hætti. Svigrúm sveitarfélaga hlítir þó ákveðnum takmörkunum með hliðsjón af hagsmunum barna, einkum þeirra yngstu. Ber skólayfirvöldum að hafa til hliðsjónar meginreglu barnaréttar um að leitast skuli við að komast að þeirri niðurstöðu sem samrýmist best

hagsmunum barnsins, sbr. einnig ákvæði 3. gr. Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, svo og markmið barnaverndarlaga um að tryggja að börn búi við viðunandi aðstæður. Við afmörkun inntaks og útfærslu þjónustunnar ber þannig meðal annars að taka mið af mismunandi þörfum barna, til dæmis eftir aldri og þroska.

Ákvörðun sveitarstjórnar um tilhögun skólaaksturs er stjórnvaldsákvörðun, sbr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Auk ákvæða grunnskólalaga sæta ákvarðanir sveitarstjórnar um tilhögun skólaaksturs því takmörkunum samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, svo sem jafnræðisreglu 11. gr. laganna, sem og óskráðum meginreglum stjórnsýsluréttar, meðal annars um málefnaleg sjónarmið við töku ákvarðana.

### **C. Niðurstaða um lögmati hinnar kærðu ákvörðunar.**

#### **Inngangur.**

Í stjórnsýslukæru krefjast kærendur þess að ákvörðun hreppsnefndar Broddaneshrepps um skólaakstur, sem tekin var á fundi þann 18. ágúst 2005, verði úrskurðuð ólögmat. Um kæruheimild vísast til 103. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og er kæran fram komin innan tilskilins kærufrests skv. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um röksemdir kæranda fyrir því að hin kærða ákvörðun um skólaakstur veturinn 2005–2006, sem tekin var á fundi hreppsnefndar Broddaneshrepps 18. ágúst 2005, sé ólögmat vísast til kafla II í úrskurði þessum, en þær eru í stuttu máli þessar: Engin skýr samþykkt liggja fyrir í fundargerðabók Broddaneshrepps um að Hólmavíkurreppur taki við skólaakstri fyrir Broddaneshrepp, samráð hafi skort við foreldra um breytingu á skólaakstri, tveir hreppsnefndarfulltrúar hafi verið vanhæfir, fyrirkomulag skólaaksturs sem fólst í hinni kærðu ákvörðun hafi ekki tekið ekki nægilegt mið af hagsmunum barna, heldur hafi sparnaðarsjónarmið ráðið för, óásættanlegt sé að börnin þurfi að vakna kl. 6.15 að morgni og komi ekki heim fyrr en kl. 17.00 og hreppsnefndin geti ekki ákveðið að börn fari í gæslu í skóla án samráðs við foreldra. Loks hafi samningi við Torfa Halldórsson um skólaaksturinn ekki verið sagt upp.

Um athugasemdir Broddaneshrepps vísast til III. kafla í úrskurði þessum, en þær eru í aðalatriðum eftirfarandi: Nauðsynlegt hafi verið að endurskoða skólaaksturinn til að lækka kostnað við hann, jafnframt því sem hreppurinn telur sig veita börnunum viðeigandi þjónustu. Afstaða foreldranna hafi verið skýr, þ.e. vitað var að Torfi og Unnur væru á móti því að breyting yrði gerð á akstrinum. Þegar Torfi hafi verið ráðinn til að aka börnum sínum í skólann haustið 2004 hafi verið miðað við veturinn 2004–2005 og augljóst að hvorugur aðilinn hefði viljað gera bindandi samkomulag til margra ára. Þau mistök hafi hins vegar verið gerð við bókun samþykktarinnar á fundi hreppsnefndar 31. ágúst 2004 að ekki hafi verið tekið sérstaklega fram að allir hreppsnefndarmenn hefðu verið með veturinn 2004–2005 í huga. Í bókun fundarins á undan, þ.e. 20. júní 2004, hafi þetta hins vegar komið skýrt fram.

#### **Um samning milli aðila um skólaakstur.**

Ráðuneytið lítur svo á að samningur milli Torfa Halldórssonar og Broddaneshrepps um skólaaksturinn hafi falið í sér verktakasamning en ekki vinnusamning Torfa við hreppinn. Ráðuneytið bendir í því sambandi á að Torfi tók að sér akstur á eigin bifreið gegn föstu kílómetragjaldi. Ráðuneytið gengur út frá því að ef um vinnusamning milli aðila væri að ræða

lægi slíkur samningur fyrir í málinu og að greitt hafi verið fyrir samkvæmt úmagjaldi. Gerð verktakasamnings einstaklings við sveitarfélag flokkast ekki undir sveitarstjórnarmálefni og fjallar ráðuneytið því ekki um hvort samningur kærða við Torfa er enn í gildi, sbr. 1. mgr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

### **Um meint vanhæfi.**

Kærandi heldur því fram að tveir hreppsnefndarmenn séu það skyldir Torfa Halldórssyni að varði vanhæfi þeirra til að taka þátt í afgreiðslu málsins.

Um er að ræða hreppsnefndarmennina Gunnhildi Halldórsdóttur, sem er systir Torfa Halldórssonar, og Jón Stefánsson, en hann og Torfi Halldórsson eru systkinasynir.

Eins og fram kemur í málavaxtalýsingu vék Unnur Þorgrímsdóttir, annar kæranda, af fundi þar sem hin kærða ákvörðun var tekin og í hennar stað sat fundinn varamaðurinn Steinunn Hákonardóttir.

Um hæfi sveitarstjórnarmanna segir svo í 1. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga:

*„Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.“*

Meginmarkmið með reglunni er að stuðla að málefnalegri stjórnsýslu hjá sveitarfélögum og tryggja réttaröryggi borgaranna. Við túlkun ákvæðisins verður að hafa í huga að tilgangur þess er að draga úr hættu á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á afgreiðslu mála í sveitarstjórn og að almenningur og þeir sem hlut eiga að máli geti treyst því að sveitarstjórnarmenn sýni óhlutdrægni í störfum sínum.

Við mat á því hvort sveitarstjórnarmaður er vanhæfur er litið til þess hversu náið hann tengist viðkomandi máli og hvort þátttaka hans í afgreiðslu máls geti valdið efasemdum út á við. Hæfisreglur sveitarstjórnarlaga eru nokkuð vægari en þær reglur sem um það efni gilda skv. II. kafla stjórnsýslulaga. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, og í athugasemdum með frumvarpinu er varð að sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, kemur fram að vegna fámennis í sumum sveitarfélögum á Íslandi sé nauðsynlegt að hæfisreglur á sveitarstjórnarstigi séu nokkuð vægari en samkvæmt stjórnsýslulögum (Alpt. 1992–1993, A-deild, bls. 3284 og Alpt. 1997–1998 A-deild, bls. 1973). Í álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3521/2002 sem snerist um vanhæfi í fámennu sveitarfélagi segir svo: *„Í því ljósi tel ég ekki loku fyrir það skotið að við beitingu 1. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaganna sé meðal annars heimilt að líta til þess hvort sveitarfélag sé það fámennnt að nauðsyn beri til að gera þar vægari kröfur, t.d. í tengslum við skýringu á hugtakinu „venslamenn“ í 1. mgr. 19. gr., heldur en ef ákvæði II. kafla stjórnsýslulaganna hefðu átt við. Ég tek þó fram að þrátt fyrir að í einhverjum tilvikum kunni að vera heimilt við skýringu á 1. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaganna að líta til þess hvort viðkomandi sveitarfélag er mjög fámennnt verður ávallt að hafa í huga orðalag ákvæðisins og þá óskráðu meginreglu sem það hvílir á.“*

Eins og áður er fram komið er einn hreppsnefndarmaður systir aðila máls, annars kæranda, og annar hreppsnefndarmaður tvímenningur við sama aðila.

Ljóst er að Broddaneshreppur er fámennnt sveitarfélag, með 53 íbúa. Framangreind sjónarmið um vægari hæfiskröfur vegna vensla í fámennu sveitarfélagi geta því átt við um Broddaneshrepp. Á hinn bóginn ber til þess að líta að sveitarstjórn er ályktunarhæf ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er viðstaddur á fundi, sbr. 1. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga. Það þýðir,

hvað Broddaneshrepp varðar, að nægilegt hefði verið að þrír hreppsnefndarmenn, aðalmenn og/eða varamenn, hefðu setið fundinn þar sem hin kærða ákvörðun var tekin. Ekki verður annað séð af gögnum málsins en að mögulegt hefði verið að ályktunarhæf hreppsnefnd Broddaneshrepps sæti fundinn þann 18. ágúst 2005. Með því móti hefði mátt komast hjá vanhæfi í málinu þótt hreppsnefnd yrði ekki fullskipuð við afgreiðslu málsins.

Með framangreint í huga telur ráðuneytið þá niðurstöðu óhjákvæmilega að Gunnhildur Halldórsdóttir, systir Torfa Halldórssonar, hafi verið vanhæf til að taka þátt í afgreiðslu skólaaksturs á fundi hreppsnefndar Broddaneshrepps þann 18. ágúst 2005.

Hvað Jón Stefánsson varðar, tvímenning við Torfa Halldórsson, telur ráðuneytið að þrátt fyrir fámenni í sveitarfélaginu hafi, eins og áður kom fram, verið unnt að skipa ályktunarhæfa sveitarstjórn án hans. Verður því ekki séð að sérstök sjónarmið um að fámenni í sveitarfélaginu eigi að hafa þýðingu við mat á hæfi Jóns Stefánssonar í máli þessu, sbr. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3521/2002. Telst hann því einnig vanhæfur.

Með hliðsjón af framangreindu er niðurstaða ráðuneytisins sú að hreppsnefndarmennirnir Gunnhildur Halldórsdóttir og Jón Stefánsson hafi verið vanhæf til að taka þátt í afgreiðslu um skólaakstur á fundi hreppsnefndar 18. ágúst 2005, sbr. 1. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga og álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3521/2002, og hefðu því átt að víkja af fundi þegar afgreiðsla um það málefni átti sér stað á fundinum, sbr. 6. mgr. sömu greinar. Einnig er það niðurstaða ráðuneytisins að þessi annmarki á málsmeðferð hreppsnefndar leiði til þess að ógilda beri ákvörðun hreppsnefndar Broddaneshrepps frá 18. ágúst 2005 um fyrirkomulag skólaaksturs í hreppnum. Hreppsnefndinni ber því að taka málið fyrir á nýjan leik með því að kalla til varamenn eftir því sem unnt er og sjá þannig til þess að a.m.k. þrír hæfir hreppsnefndarfulltrúar taki þátt í afgreiðslu umrædds máls, sbr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### **Um aðrar málsástæður kæranda.**

Hvað varðar aðrar málsástæður kæranda, en að framan greinir, tekur ráðuneytið fram:

Varðandi þá málsástæðu kæranda að engin samþykkt sé fyrir því í fundargerðabók Broddaneshrepps að sveitarstjórn Hólmavíkurhrepps tæki við skólaakstrinum fyrir Broddaneshrepp telur ráðuneytið að efni ákvörðunarinnar, sem tekin var á hreppsnefndarfundum 18. ágúst 2005, komi nægilega skýrt fram í fundargerð, enda er hér um hina kærðu ákvörðun að ræða sem kærundur nefna „afgreiðslu“ í kærðu sinni. Einnig er það mat félagsmálaráðuneytis að oddvita hafi verið heimilt, sem framkvæmdastjóra sveitarfélags, að kanna hvort unnt væri að finna ódýrari leið til að aka börnum í skólann, en hér er um nýja akstursleið að ræða, þar sem kennt var í Broddanesskóla síðastliðinn vetur.

Að öðru leyti tekur ráðuneytið fram að í ljósi þeirra takmörkuðu reglna sem um skólaakstur gilda verður ekki séð að hið umdeilda fyrirkomulag, með akstri barna úr Broddaneshreppi snemma að morgni og heim síðdegis, sé byggt á ólögmetu sjónarmiði eða feli í sér ólögmetu mismunun. Ráðuneytið tekur þrátt fyrir það undir með kærendum að æskilegra hefði verið með hagsmuni yngsta barnsins í huga að það gæti fengið skólaakstur fyrr á daginn, í stað þess að þurfa að dveljast í Hólmavíkurskóla þar til síðdegis þegar skóla eldri barnanna ljúki. Eðlilegt er að hafa samráð um þetta við forelda, enda aðeins ein fjölskylda í sveitarfélaginu sem málið varðar. Á



hinn bóginn telur ráðuneytið að ekki hafi verið sýnt fram á að aðbúnaður í skóladvöl að loknum skólatíma sé ekki viðunandi. Það er í sjálfu sér málefnalegt og þar með lögmætt sjónarmið að leita leiða sem fela í sér sparnað fyrir sveitarsjóð meðan veitt er lögbundin þjónusta. Um nánara inntak þjónustunnar ræður mat hvers sveitarfélags. Ráðuneytinu er ekki heimilt að taka slíkt mat til endurskoðunar, en ítrekar meginreglu barnaréttar að leitast skuli við að komast að þeirri niðurstöðu sem best samrýmist hagsmunum barnsins, svo og markmið barnaverndarlaga um að börnum séu tryggðar viðunandi uppeldisaðstæður, sbr. 2. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

## Ú R S K U R Ð A R O R Ð

Ákvörðun hreppsnefndar Broddaneshrepps frá 18. ágúst 2005 um að semja við Hólmavíkurrepp um skólaakstur frá Broddanesá til Hólmavíkur er ógild. Hreppsnefnd ber að taka málið fyrir á ný til löglegrar meðferðar.

Fyrir hönd ráðherra  
Guðjón Bragason (sign.)  
Þorgerður Benediktsdóttir (sign.)